



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

1. Skipulag fundar

Heiti fundar: 11. fundur Aðalstjórnar
Fundarstjóri: Davíð Þór Sigurðarson
Fundarritari: Davíð Þór Sigurðarson

Dagsetning: 27.01. 2011
Staður: Hettan
Tími : 18:00

Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Magnús Jónsson, staðgengill fótboltadeildar
Elínborg Valsdóttir, formaður Blakdeildar	Faney Bóasdóttir, formaður sunddeildar
Anna Dís Jónsdóttir, gjaldkeri fimleikadeildar	Hrefna Björnsdóttir, staðgengill frjálsíþróttadeildar
Bylgja Borgþórsdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar	

Fjarverandi:

Mekkin Bjarnadóttir, ritari aðalstjórnar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar	Jóney Jónsdóttir, formaður Frjálsíþróttadeildar

2. Markmið fundar

Markmið fundarins er að fara yfir stöðu komandi verkefna og þeirra sem verið er að vinna að.

3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Aðalfundur og ársreikningar	Davíð	10
Felix skil - staða	Davíð	5
Eineltisáætlun Hattar - staða	Davíð	5
Bókhaldskerfi - staða	Davíð	10
Fjárhagsstaða deilda	Davíð	5
Intrum samningur	Davíð	5

4. Helstu umræður

Anna Alexandersdóttir, Jóney Jónsdóttir og Mekkin Bjarnadóttir boðuðu forföll.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Aðalfundur og ársreikningar

Framkvæmdastjórn ákvað að halda aðalfund Hattar 3 mars n.k. Engin mótmæli voru við þeirri hugmynd.

Búið er að skila bókhaldi fyrir aðalstjórn og fimleika til MT bókhalds til úrvinnslu.

Deildir munu halda sína aðalfundi á undan og eins skila ársreikning fyrir þann tíma svo hægt sé að leggja hann fyrir á aðalfundi félagsins. Til dæmis mun blakdeild halda sinn vikuna áður en aðalstjórn heldur sinn. Nokkur breyting mun verða á aðalstjórn þar sem núverandi fulltrúar munu ekki gefa kost á sér.

Einnig þarf að skoða breytingar á reikningsárinu hjá Hetti og færa það úr almenningstalinu yfir í september til ágúst. Nánar skoðun þarf að eiga sér stað til að hægt sé að breyta því.

Eineltisáætlun Hattar

Beðið er eftir því að 2 deildir skili sínu álitni á áætluninni og þarf að fá það sem fyrst.

Felix

Allar deildir tóku vel í að klára skil í Felix til Bylgju sem fyrst.

Bókhaldskerfi

Framkvæmdastjórn hefur staðfest kaup á bókhaldskerfi fyrir Hött. Samkvæmt kostnaði vegna ársins 2009 hjá körfubolta, fimleikum og aðalstjórn var hann 600 þúsund. Áætlun fyrir rekstur kerfisins á ári verður 240 þúsund ásamt stofnkostnaði upp á 300 þúsund. Með þessu má sjá sparnað fyrir heildarfélagið upp á 360 þúsund á ári. Það miðast þá bara við þær 3 einingar sem taldar voru upp hér að ofan. MT bókhald mun selja Hetti kerfið.

Samningur við Intrum

Farið var yfir ástæður á uppsögn á samningi við Intrum. Engar mótbárur voru við þessu.

Gróflega má telja að aðalstjórn spari 50 þúsund á ári við uppsögn en aðeins ein deild hefur notað sér þjónustu Intrum.

Önnur mál

Boð um sambandsfundar hjá ÚÍA var borið upp og óskað eftir að deildir sendi fulltrúa sína á þingið þann 5 mars nk. Formaður Hattar mun mæta á þingið.

Ályktun og áskorun blakdeildar

Elínborg Valsdóttir bar fram ályktun og áskorun til aðalstjórnar vegna breytinga á tímum í íþróttahúsi eftir áramótin 2010/2011. Ályktun og áskorun bókuð í fundargerð og sett sem viðhengi.

5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Vinna þarf að því að fá samþykki tveggja deilda að eineltisáætlunni. Einnig þarf að passa vel að því að ársreikningar og aðalfundir séu haldnir fyrir aðalfund þann 3. Mars 2011.



Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur

6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Athuga með breytingu á reikningsári fyrir Hött	Davíð		3.3.2011
Deildir skila Felix	Deildir	Bylgju	15.2.2011

Fundi slitið kl 19:00.

Davíð Þór Sigurðarson



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

7. Viðhengi

8. Egilsstöðum 23. janúar 2011

Til Aðalstjórnar Hattar

Ályktun og áskorun

Í lok desember 2010 kom tilkynning frá formanni Hattar um breyttan æfingatíma hjá meistaraflokki kvenna í blaki í Íþróttahúsinu Egilsstöðum. Tók sú breyting gildi í byrjun janúar 2011. Breytingin fól í sér skerðingu á æfingatíma á mánudögum og var hálf tími tekinn af æfingatíma bæði hjá A-liði kvenna sem keppir í 2. deild og einnig hjá B og C liðum sem keppa í 3. deild á Íslandsmóti í blaki. Í boði er á móti að fá lengri æfingatíma eftir að keppni í Íslandsmóti lýkur í körfunni í mars. Þessi skerðing kemur sér afar illa fyrir meistaraflokkinn í blakinu og eru nokkrar ástæður fyrir því. Mánudagsæfingar hafa nýst best hjá konum í meistaraflokki og hefur mæting á æfingar á þeim dögum alltaf verið meira en til fyrirmyndar. Skerðing þar kemur því hart niður á deildinni.

Aðeins er þjálfari tvisvar í viku hjá meistaraflokki kvenna og eru mánudagsæfingarnar því helmingur æfingátímans. Skerðing á þjálfun undir leiðsögn er því 1/6 eða 17%.

Keppni í Íslandsmóti í blaki stendur yfir fram í marsbyrjun og er því ekki hægt að bæta upp skertan æfingatíma eftir það til að ná betri árangri á Íslandsmóti. A-lið Hattar er nú sem stendur efst í Austurlandsriðli, hefur unnið alla leiki sína í vetur og stefnir hraðbyri í úrslitakeppni 2. deildar í vor. Liðin í 3. deild standa sig bæði mjög vel og eru sem stendur í 3. og 4. sæti Austurlandsriðils.

Meistaraflokkur kvenna hefur sótt aukaæfingar yfir í Fellabæ nokkuð oft í vetur. Stundum hefur meistaraflokkur karla leikið æfingaleiki við A-lið kvenna í sínum æfingatíma á fimmtudagskvöldum og síðan hefur A-liðið einnig farið á föstudagskvöldum og haft sínar aukaæfingar þá, á tímum sem fáir aðrir vilja. Húsið í Fellabæ hefur ekki verið laust á öðrum tímum sem hentað gætu vinnandi fólki. Allt í allt er ljóst að nú sem stendur hefur meistaraflokkur kvenna of lítinn æfingatíma til umráða. Til bráðabirgða hafa þjálfarar blaks og körfu gert með sér munnlegt samkomulag um samnýtingu hluta salarins á mánudögum á meðan körfuboltamenn hita upp en það nýtist aðeins hluta meistaraflokks í blaki þar sem iðkendur þar eru svo margir.

Blakdeildin skorar á aðalstjórn að styðja við bakið á þessum frábæru íþróttamönnum sem við höfum í blakinu og skipuleggja æfingatíma þannig að lágmarkskröfum sé sinnt.

9. Virðingarfyllst

10. f.h. Blakdeildar Hattar

11. Elínborg Valsdóttir, formaður